

Sóttþreinsunarreglur.

Leiðbeiningar fyrir sóttþreinsunarmenn og þá, sem hjúkra sóttveikum mönnum.

Samkvæmt 19. grein í almennum reglum 12. okt. 1912, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, eru settar þessar sóttþreinsunarreglur.

I. Um næma sjúkdóma og sóttvarnir.

1. gr.

Sóttvarnarlög.

Í lögum nr. 24, 16. nóv. 1907, er svo fyrir mælt, að yfirvöld skuli ætíð verja almenning fyrir þessum sjúkdómum: kóleru, gulri hitasótt, dílaveiki (útbrotataugaveiki), bólusótt, mislingasótt, skarlatssótt og svarta dauða (pest). Þar er ennfremur ákveðið, að landsstjórnin geti fyrirskipað varnir gegn kvefpest (inflúensu), barnaveiki, kikhósta, taugaveiki, hettusótt og blóðsótt.

Í lögum nr. 34, 6. nóv. 1902, eru fyrirskipaðar sjerstakar varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands frá öðrum löndum.

Í lögum nr. 3, 4. febr. 1898, eru varnir settar við holdsveiki, sbr. einnig lög nr. 57, 30. júlí 1909, um breytingu á lögum nr. 3, 4. febr. 1898.

Í lögum nr. 31, 23. okt. 1903, eru lögboðnar ýmsar varnir gegn berkla-veiki.

2. gr.

Orsakir og einkenni næmra sjúkdóma.

Þeir sjúkdómar allir, sem nefndir eru í 1. gr., stafa af því, að *örsmíðar lifandi verur*, sem ávalt eru öldungis ósýnilegar berum augum, taka sjer bólfestu í líkama manns og aukast þar og margfaldast unnvörpum og skaða heilsuna. Þessar smáverur eru kallaðar *sóttkveikjur*. Þær eru flestar jurtakyns, færri með dýrseðli.

Hverjum þessara sjúkdóma veldur sjerstök sóttkveikjutegund, ávalt sama tegundin, og tekur hún nafn af sjúkdóminum; er talað um taugaveikissóttkveikju, mislingasóttkveikju o. s. frv. Sama sóttkveikja veldur því ávalt sama sjúkdómi; taugaveikissóttkveikjan veldur t. d. ávalt taugaveiki, aldrei barnaveiki eða neinum öðrum sjúkdómi. Annað mál er það, að sóttkveikjurnar greiða hver annari götu með því, að þær veikla líkamann, rýra lífsþrekið og varnarþróttinn. Þess vegna er algengt að menn fá t. d. lungnatæringu upp úr mislingum eða kvefpest. Manni, sem liggur í farsótt, er óvenju mikil hætta búin af öllum sóttkveikjum; þaraf leiðir að gæta verður hins ítrasta þrifnaðar og varkárni í öllum greinum.

Loks verður að hafa það í huga, að enda þótt orsök hvers af þessum sjúkdómum sje ætíð söm, sama sóttkveikja, þá fer fjarri því, að sjúkdómurinn

hagi sjer eins í öllum, sem fá hann; taugaveiki t. d. er afarvæg í sumum, en getur hins vegar valdið bráðum bana, og einkenni hennar verið mjög margvisleg og margbreytileg. Líkt má segja um alla þessa sjúkdóma. Þess vegna er oft erfitt að þekkja þá. En öllum bráðum sóttum (farsóttum) fylgir því nær ávalt sóttthiti; ef maður sýkist og hefir sóttthita, þá er viðbúið að sjúkdómurinn sje næmur (sbr. 3. gr.) og rjett að gæta strax allrar varúðar. 129
12. okt.

3. gr.

Hvernig sóttkveikjurnar komast úr sjúklingunum í heilbrigðar manneskjur.

Nú er maður sjúkur af þvílíkum sjúkdómi, og tímgastr þá sóttkveikjan gegndarlaust í líkama hans meðan sóttin stendur yfir og ryðst út úr líkamanum, svo miljónum skiftir, í ýmiskonar útferð: hrákum, saur, þvagi, greftri, svita (18. gr.); er þá sagt að þessi óhreinindi sje *sóttmenguð*, af því að sóttkveikjur eru í þeim.

Úr þessum sóttmenguðu útferðum úr líkama sjúklingsins geta nú sóttkveikjurnar borist á ýmsan hátt í líkami heilbrigðra manna og valdið því, að þeir taki sömu sótt, og er þá sagt, að þeir hafi *smitast* af sjúklingnum, og þar með, að sjúkdómurinu sje *næmur* (smitandi).

Á þennan hátt getur næmur sjúkdómur borist úr einum í annan, mann frá manni, sveit úr sveit, og er þá kallaður *faraldur* eða *farsótt*, ef um bráðar sóttir er að ræða.

4. gr.

Meðgöngutími næmra sjúkdóma.

Þess ber að gæta, að menn sýkjast aldrei af næmum sjúkdómi samstundis og þeir smitast, heldur líður ávalt nokkur og stundum langur tími frá því er sóttkveikjurnar komast í líkama manns og þar til er hann kennir sjer meins; er sá tími kallaður *meðgöngutími* veikinnar, og er hann mislangur, þó um sömu veiki sje að ræða, og mismunandi eftir því, hver veikin er, sem sjá má á yfirliti því, er hjer fer á eftir.

Meðgöngutími

(venjulegasta tímalengd frá því manneskjan smitast og þar til er hún sýkist.)

Sjúkdómar	
<i>Taugaveiki</i>	4—14—21 dagar
<i>Blóðsótt</i>	2— 7 —
<i>Dílaaveiki</i>	4— 8—14 —
<i>Kólera</i>	2— 5— 8 —
<i>Barnaveiki</i>	2— 4— 7 —
<i>Kíkhósti</i>	3— 8 —
<i>Kvefpest</i>	2— 3 —
<i>Hettusótt</i>	7—14—21 —
<i>Skarlatssótt</i>	2— 4— 7 —

Sjúkdómar	Meðgöngutími (venjulegasta tímalengd frá því mann- eskjan smitast og þar til er hún sýkist)
<i>Mislingar</i>	10—11 —
Bólusótt	10—13 —
Svarti dauði	2— 5—10 —
<i>Berklaveiki</i>	} nokkrar vikur — mörg ár.
<i>Hold sveiki</i>	

5. gr.

Útbreiðsla næmra sjúkdóma.

Það er mjög mismunandi hversu lífseigar sóttkveikjurnar eru. Flestar geta þær haldið lífi svo mánuðum skiftir, eða misserum, eftir að þær koma úr líkama sjúklingsins; geta þær þá leynst í alls konar óhreinindum innanhúss og stundum (taugaveiki, kólera) líka utanhúss og orðið þeim að meini, sem þar koma (sbr. 3. gr.); en þær geta líka hæglega borist í allar áttir með sjúkum mönnum og flestar einnig með heilbrigðum, í fötum, farangri, varningi, matvælum o. s. frv.; á þann hátt geta þær sýkt menn víðsvegar þegar minst vonum varir. Einstöku sóttkveikjur (mislingasóttkveikjan, kvefpestarsóttkveikjan) deyja þó svo að segja strax er þær koma út úr líkama sjúklings, og berast því aldrei eða nauðasjaldan með heilbrigðum.

6. gr.

Sóttvarnir.

Sóttkveikjur má deyða, eins og allar aðrar lifandi verur.

Ef maður hefir næman sjúkdóm og sóttkveikjurnar eru deyddar jafnóðum og þær koma út úr líkama hans, þá er fyrir girt að þær komist í aðrar manneskjur, að aðrir smitist af sjúklingsnum; sóttin er þá stöðvuð. Þetta er vinnandi verk.

Það er kölluð *sóthreinsun*, ef sóttmengaðir hlutir eru teknir og allar sóttkveikjurnar, sem við þá loða, drepnar á einhvern hátt.

Sóttkviun er það kallað, að einangra sóttveikan mann frá öðrum mönnum, því til tryggingar, að aðrir smitist ekki af honum.

Þetta tvent, sóttkviun og sóthreinsun, er nefnt einu nafni *sóttvarnir*.

Um fram alt riður á því, að leitast við að drepa allar sóttkveikjurnar jafnóðum og þær koma út úr líkama sjúklingsins í hrákum, saur o. s. frv., sbr. 3. gr. og 5. gr. Með því einu móti er unt að koma í veg fyrir að sambýlismenn sjúklingsins smitist af honum. En þetta er oft erfitt verk; þess vegna má til, ef unt er, að hafa sjúklingsinn í afskektu herbergi á heimilinu og varast öll ónauðsynleg mök við önnur heimili; langöruggast er þó að flytja sjúklingsinn í sjúkrahús, ef þess er kostur, og síðan sóthreinsa heimilið.

Ef manni batnar farsótt, þá er það af því, að hann hefir orðið sóttkveikj-

unum yfirsterkari, svo að þær hafa hætt að tímgastr og dáíð út í líkama hans. **129**
Sje nú sá, er sjúkurl var og bata hefur fengið (18. gr.), sóttþreinsaður vandlega á- **12. okt.**
samt öllu því á heimili hans, er kann að hafa sóttmengast af honum, þá stendur
engin smíthætta af honum lengur. Þegar talað er um sóttþreinsanir í sóttvarn-
arlögum, þá er átt við þess konar lokasóttþreinsanir og eru þær kostaðar af
almanafje.

Mörgum farsóttum er svo háttað, að menn fá þær venjulega ekki oftar
en einu sinni; sóttkveikjurnar vinna ekki á manni í annað sinn. Þetta á heima
um kikhósta, hettusótt, skarlatssótt, mislinga, bólusótt.

II. Um sóttþreinsunartæki.

7. gr.

Sóttþreinsun er það, að drepa sóttkveikjur, sbr. 6. gr.

Sóttkveikjur má drepa á tvönnan hátt, á *eitri*, eða í *sterkum hita*; eitur
þau, sem höfð eru til að drepa sóttkveikjur, eru kölluð *sóttþreinsunarlyf*. Sótt-
kveikjur þola líka illa *sólarvirtu*; þær dofna eða drepast í skærri dagsvirtu. eink-
um ef sól skín á þær. Þess vegna eiga sjúkrastofur að vera bjartar og yfirleitt
öll mannhús, og þess vegna er ráð að víðra vandlega þá hluti, sem erfitt er að
sóttþreinsa til fulls á annan hátt, t. d. fóðraða bekkí og ýmsan fatnað.

A. Sóttþreinsunarlyf.

8. gr.

Kresólvatn: Í það er hafður kresólsápulögur (Liquor kresoli saponatus),
en það er kresól blandað sterkum sápulegi, helmingur af hvoru, og er lögurinn
ljósgulur á lit, þefmikill, en þó ekki þefvundur og geymist vel. Í hverjum mæli
(lítra) vatns er látið fult 50 meta glas af kresólsápulegi (1 bolli í 20 bolla af
vatni); það er kresólvatn (5⁰/₀, og þaraf helmingurinn, 2.5⁰/₀, kresól). Oft má
þynna kresólvatn til helminga, eða láti helmingi minna af leginum í vatnið, og
er það kallað *veikt kresólvatn*.

[Lyfjaglós eru handhæg mál og allstaðar til; á botni hvers glass stendur jafnan tala, sem
segir til hversu mörg met (grömm) af vatni komast í glasið, en einn mælir (lítri) vatns vegur 1000
met; það verða því 5⁰/₀, ef 50 met eru látin í einn mæli].

Kresólvatn er eitt hið besta sóttþreinsunarlyf; sápan í því leysir svo vel
sundur öll óhreininndi; þar að auki er það ódýrt og hættulaust að fara með það.

9. gr.

Súblímatvatn (¹/₁₀⁰/₀): Súblímat (Chloretum hydrargyricum corrosivum) er
hvítt duft, þeflaust. Það er banvænt eitur. Til sóttþreinsana er það selt í smá-
tölum (Tablettæ chloreti hydrargyrici corrosivi) og tvönnar stærðir til; í þeim
minni er ¹/₂ met af súblímati og tvær tölur láttnar í mæli vatns; í þeim stærri er

129 1 met af súblimati og fer ein tala í mælinn. Blár litur er hafður í tölunum
 12. okt. saman við súblimatið og verður vatnið bláleitt, en litar þó ekki frá sjer; það er gjört til þess að auðkenna súblimatvatnið, vegna eiturhættunnar.

Súblimatvatn er ágætt og ódýrt sóttgreinsunarlyf, en varlega verður að fara með það. Tölurnar verður að geyma í myrkri á vel þurum stað í vel luktum glasi, annars skemmast þær, bráðna og renna saman. Matarilát má ekki þvo úr súblimatvatni. Málmhluti (ógleraða og ómálaða) skal ekki þvo úr súblimatvatni; það geta komið blettir á þá.

10. gr.

Karbólvatn (3 %): Í hvern mæli vatns er látið fult 30 meta glas af karbólsýru (Phenolum liquidum). Þetta karbólvatn má hafa í stað kresólvatns, en er miklu dýrara.

11. gr.

Kalkblanda: Brent kalk er sett ómulið í opið ilát og helt yfir það vatni, um það bil $\frac{1}{2}$ mæli vatns á 1 mæli kalks; molnar þá brenda kalkið og hitnar ákaft um leið og sýður og er nú kallað slókt kalk. Á einn mæli af nýslóktu kalki er helt smátt og smátt fullum þrem mælum af vatni og hrært jafnóðum; það er kalkblanda, og þarf jafnan að hræra í henni áður en hún er notuð og skal ekki geyma hana lengi ónotaða. Brent kalk verður að geyma í vel luktum ilátum, svo að raki komist ekki að því.

Kalkblanda er ódýrust allra sóttgreinsunarlyfja og á best við til að sóttgreinsa hægðir manna, þvottaskólp, safngryfjur og því um líkt.

12. gr.

Klórblanda: Í hana er haft klórkalk (Calx chlorata); það er í molum eða mylsnu og hvítt á lit og skal leggja sterkan daun af því, ella er það ónýtt; verður að geyma það í vel luktum ilátum úr trje eða gleri (ekki málm) og gæta þess vandlega að raki komist ekki að því. Á einn mæli klórkalks er helt smámsaman fimm mælum vatns og hrært í jafnóðum; það er klórblanda og skal aldrei blanda meira í einu, en nota þarf til næsta dags.

Klórblanda kemur að sömu notum og kalkblanda, en er mun dýrari.

13. gr.

Formalínvatn: Í það er haft formalín (Solutio formaldehydi), en það er vatn blandað eiturlofti, sem heitir formaldehyd, (40 %). Formalínið er vatnstært og talsvert megn lykt af því; verður að geyma það í myrkri í vel luktum flöskum. Í hvern mæli vatns er látið fult 40 meta glas af formalíni (1 bolli í 25 bollá af vatni); það er formalínvatn. Það er nokkru dýrara en kresólvatn og súblimatvatn.

Formalínvatn má nota á brjeflímda veggi, vönduð iveruföt, sem ekki þola 129 þvott, og fleira þessháttar; það er ekki nærri eins eitrað og súblímatvatn, og formalín- 12. okt. lyktin hverfur fljótar en kresóllykt.

14. gr.

Formalín-gufa: Sumir hlutir verða ekki vættir, svo að þeir ekki skemmist, t. d. skjöl og bækur og ýms skrautklæði. Þá hluti má nú venjulega sótt-hreinsa í formalín-gufu. Til þess þarf tvö efni, *formalín* (13. gr.) og *brúnstein* (Hypermanganas kalieus). Ef brúnsteinn er látinn renna í vatni og síðan helt formalíni í brúnsteinsvatnið, þá fer að bulla og ólga í ílátinu óðar en legirnir mætast og þeytist upp þjett gufa, eins og upp úr hver; í þessari gufu er eitur-loftið formaldehyd, og drepur það sóttkveykjur; verða menn vel að varast að anda að sjer gufunni, að nokkrum mun. Sá galli er á, að þessi sóttthreinsun kemur ekki að fullum notum nema sóttkveikjurnar sje eingöngu á yfirborði hlutarins, sem sóttthreinsa skal, og hluturinn hreinn að sjá, því að gufan fer ekki í gegnum grisjóttu hluti (t. d. fiðursæng), og gagntekur ekki óhreinindaklessur (t. d. saur-slettur, storkið blóð eða gróft).

Sóttthreinsuninni skal haga þannig: Velja skal eitthvert þjett ílát, sem rúmar vel þá muni, er sóttthreinsa skal; má nota tunnu með hlemmi yfir, eða kistu eða hurðarskáp, eða litla veggþjetta stofu, ef um mikið er að gjöra. Er þá fyrst að gjöra hólfið svo loftþjett, sem auðið er; skal þjetta allar rifur og smugur með baðmull eða harðri feiti, eða öðrum seigum makstri, ella líma brjef yfir og er það fljótlekast. Loftþiti inni má ekki vera undir 7° C. Nú skal mæla rúm-stærð hólfins eða hirslunnar, því að lyfjaskamtinn verður að miða við rúmmálið; skal ætla 30 met af brúnsteini (2 lóð), 30 meta glas (2 vel stórar matskeiðar) af formalíni og annað eins af vatni á hverja rúmsstiku (= 32 rúmfet) og er betra að taka heldur meira en minna, en ekki skal raska hlutföllunum. Gjörum t. d. að sóttthreinsa eigi í klefa, sem er 3 stikur á annan og 2 á hinn veginn og 2 stikur undir loft; það verða 12 rúmsstikur og þarf þá 360 met af brúnsteini, og vatn og formalín þar eftir. Vatninu er helt í blikkskál eða trjekirnu, og brúnsteinninn látinn renna í því; skálin er sett á botn hólfins, sem næst miðju; hlutir, sem sóttthreinsa skal, eru hafðir hangandi eða á einhverskonar grindum alt í kring uppi yfir skálinni og látnir flaka sundur, sem mest má (bækur, föt); þegar alt er komið í lag, skal seilast til og hella formalíninu í brúnsteinsvatnið og skella síðan aftur og þjetta í skyndi allar smugur kringum lokið eða hurðina, troða upp í skráargöt o. s. frv. Ef tími leyfir er best að opna ekki aftur fyr en að sólarhring liðnum, en aldrei fyr en að 4 stundum liðnum; skal þá haga svo til, að gufan geti rokið út, án þess að menn andi henni að sjer.

Vel veggþjettar stofur má sóttthreinsa á þennan hátt eftir nánari fyrirsögn hjeraðslæknis, en þó verður að þvo þær á eftir, nema þær sjeu því þrifalegri.

Formalín-gufu má eyða fljótlega með ammoniaklofti, og er þess einkum þörf ef stofur eru sóttthreinsaðar á þennan hátt. Ef salmiaki (Cloretum ammoni-

129 cum) og nýslöktu kalki er blandað saman og heitu vatni helt yfir, þá losnar ammoniakloft úr salmiakinu og gýs upp. Til þess að eyða formalingufu í 100 rúmstikum þarf um það bil 300 met af brendu kalki, annað eins af salmiaki og $\frac{3}{4}$ mælis af sjóðandi vatni; kalkið er slökt (sbr. 11. gr.), hrært saman við salmiakið og hræringnum jafnað um botninn á víðri skál eða bala; síðan er vatninu sjóðandi helt í ílátið og því ýtt sem fljótast inn á mitt gólfíð í stofunni og lokað aftur. Að litilli stundu liðinni má opna stofuna og er þá formalinsterkjan horfin.

B. Hitunartæki.

15. gr.

Sjóðandi vatn: Ef sóttmengaðir hlutir eru látnir í vatn og hitað upp í suðu og látið sjóða fullan fjórðung stundar, þá drepast sóttkveikjurnar. Það er til bóta og enn meiri tryggingar að hafa sóða (2 %) eða grænsápu (2 %) í vatninu.

Þessi sóttþreinsun er afarörugg og notadrygri en nokkur önnur aðferð, því að henni má alstaðar beita, og flest af því, sem helst er sóttmengað, er vel hægt að sjóða, bæði matarilát sjúklings og linklæði hans eða sóttmengaðar umhúðir, hráka hans og hægðir og aðra sóttmengaða útferð og þvottaskólp, — allt þetta má sjóða; og það er ein sú efalausasta sóttþreinsun; er sjálfsagt að nota hana í ystu æsar þegar engin sóttþreinsunarlyf eru við hendina.

16. gr.

Sjóðandi vatnsgufa: Hún er notuð í svonefndum sóttþreinsunarfnum; það er stór járnkaggi og venjulega hafður á hliðinni og loftþjett lok á báðum endum; sóttmengaðir munir eru látnir í kaggann, honum harðlokað og því næst hleypt inn í hann sjóðheitri vatnsgufu úr gufukatli, sem þar til heyrir. Þessir ofnar eru afarhentugir til sóttþreinsunar á fatnaði, sem erfitt er að sjóða í vatni eða skemmist á því, t. d. sængurfatnaði og utanyfirfötum. Leður, skinn og gúmmi (t. d. skóhlífar) má ekki senda í sóttþreinsunarfnum — það gjörskemmist. Pappir (skjöl og bækur) velkist mjög, en verður ekki ónýtur.

17. gr.

Eldur: Engar sóttkveikjur standast eld. Það er því ofureinfalt ráð að fleygja í eldinn öllu ónýtu rusli, sem sóttmengað er, sorpi, hálmi, heyi, brjefsneplum, tuskum, fatagörmum o. s. frv.

III. Um þær sóttþreinsanir, sem brýn þörf er á, að meira aða minna leyti, meðan **129**
 á næmum sjúkdómi stendur. Leiðbeining fyrir þann, sem hjúkrar sjúklingnum. 12. okt.

18 gr.

Sá, sem hjúkrar sóttveikum manni, þarf endilega að vita hvar sóttkveikjurnar koma út úr líkama sjúklingsins og gera sjer alt far um að sóttþreinsa allar sóttmengaðar útferðir, jafnóðum og þær koma í ljós, og alt, sem kann að atast af þeim; er þá líka nauðsynlegt að vita, hvenær sóttkveikjuútferðin hættir, ef sjúklingurinn kemst á bataveg (6. gr.) og hvað helst má hafa til marks um það í hverjum sjúkdómi, en það er miklu erfiðara og sjálfsagt að láta lækni ráða fram úr því í hvert sinni, ef um alvarlegar sóttir er að ræða.

Sjúkdómar.	Sóttmengaðar útferðir (þær útferðir úr líkama sjúklingsins, sem sóttkveikjur eru í og sóttþreinsa þarf jafnóðum og þær koma í ljós)	Hvenær ætla má venjulega að sóttkveikjuútferð sje lokið
Taugaveiki	1. Saur. 2. Þvag. 3. Hrákar (sjaldan). 4. Gröftur úr ígerðum (sjaldan)	Þegar hálfönnur vika er liðin frá því, er sóttþitinn hvarf fyrir fult og alt.
Blóðsótt	Saurinn.	Þegar fáeinir dagar (2—3) eru liðnir frá því, er niðurgangur hætti og sóttþiti hvarf.
Kólera	1. Saur. 2. Spýja.	Þegar þrjár vikur eru liðnar frá því, er sóttþiti hvarf fyrir fult og alt.
Dilaveiki (útbrotataugaveiki).	Allar útferðir verður að telja sóttmengaðar.	Þegar hálf önnur vika er liðin frá því, er sóttþitinn hvarf fyrir fult og alt.
Barnaveiki	1. Hrákar og öll slefja úr munn og koki. 2. Hor og renslí úr nefi. 3. Spýja. 4. Hálsskolavatn.	Þegar vika er liðin frá því, er bólga hvarf til fulls úr kverkum, hálsi og nefi.
Kikhósti	1. Hrákar og öll slefja úr munn og koki. 2. Hor og renslí úr nefi. 3. Spýja.	Þegar kikhóstakvefið er með öllu horfið; (hóstinn helst oft miklu lengur).

129 12. okt.	Sjúkdómar.	Sóttmengaðar útfærðir (þær útfærðir úr líkama sjúklingsins, sem sóttkveikjur eru í og sóttþreinsa þarf jafnóðum og þær koma í ljós).	Hvenær ætla má venjulega að sóttkveikjuútfærð sje lokið.
	Kvefpest (innflúensa)	1. Hrákar og öll slefja úr munn og koki. 2. Hor og renslí úr nefi.	Þegar kvefið (hósti og uppgangur) er horfið.
	Hettusótt	Munnvatn og öll slefja úr munn.	Þegar bólgan er horfin.
	Skarlatssótt	1. Hrákar og öll slefja úr munn og koki. 2. Hor og renslí úr nefi. 3. Útfærð úr ígerðum (t. d. í eyrum). 4. Sviti og hreistur.	Þegar hreistruninni er að mestu leyti lokið.
	Mislingar	1. Hrákar og öll slefja úr munn og koki. 2. Hor og renslí úr nefi. 3. Renslí úr augum. 4. Hreistur (vafasamt).	Þegar mislingakvefið (hósti og uppgangur) er horfið til fulls.
	Bólusótt	Öll útfærð úr bólunum (vessi, gröftur, blóð, skorpur).	Þegar bólusárin eru fullgróin (hörundið alheilt).
	Svarti dauði (pest)	1. Öll útfærð úr sárum (vessi, gröftur, blóð). 2. Saur. 3. Þvag. 4. Hrákar og slefja úr munn og koki.	Ef sjúkdómurinn fer í lungun (lungnapest), geta sóttkveikjur haldist í hrákunum margar vikur eftir bata. Sóttkveikjurannsókn nauðsynleg.
	Lungnatæring (berklaveiki)	1. Hrákar og slefja úr munn og koki. 2. Stundum saurinn (garnatæring). 3. Stundum þvagið líka (berklar í þvagfærum og getnaðarfærum). 4. Útfærð úr berklasárum.	Þegar sjúklingnum er batnað svo, að allur uppgangur er hættur.

Sjúkdómar.	Sóttmengaðar útferðir (þær útferðir úr líkama sjúklingsins, sem sóttkveikjur eru í og sóttþreinsa þarf jafnóðum og þær koma í ljós).	Hvenær ætla má venjulega að sóttkveikjuútferð sje lokið.
Holdsvæiki	1. Öll útferð úr sárum. 2. Hrákar og slefja úr munni og koki. 3. Hor og renslí úr nefi.	Sjaldgæft að sjúklingi batni svo, að sóttkveikjuútferðin hætti.

19. gr.

Sóttmengud útferð: Í 18. gr. er sagt, hvaða útferð er sóttmengud í hverjum sjúkdómi, en hjer segir hvernig sóttþreinsa skal:

a) *Hrákar og slefja úr munni og koki, hálskólavatn:* Undir þetta skal hafa krukku, hálfulla af kresólvatni (súblímatvatni, karbólvatni), og skal ekki hella út úr krukkunni fyr en 2 stundir eru liðnar í skemsta lagi, frá því er síðast kom í hana.

Sódablöndu (2%) má hafa í krukkunni, en þá verður að sjóða hana með öllu saman (15. gr.), áður út er helt.

Brjef má hafa innan í hrákakrukku og sag í því eða þura mómylsnu og taka síðan brjefið með öllu og brenna.

b) *Spýja, saur, þvag:* Þessu skal safna í næturgagn og hella á tafarlaust jafnmiklu af kalkblöndu (kresólvatni, karbólvatni) og láta standa 2 stundir í skemsta lagi áður en út er orpið.

Nú eru engin sóttþreinsunarlyf til, og má þá þynna þessi óhreinindi með vatni og sjóða (15. gr.).

c) *Blóð, gröftur og vilsa úr sárum, hor og slefja úr nefi, froða úr vitum deyjandi manns:* Þetta skal þerra í rijur eða baðmull og brenna samstundis, ella láta á kaf í kresólvatn (karbólvatn, súblímatvatn) og fleygja ekki út fyr en að 2 stundum liðnum í skemsta lagi.

d) *Hörundshreistur, hrúður og því um líkt:* Þetta er best að brenna sem fljótast, ella fara með, sem segir í c.

20. gr.

Sóttmengaðar umbúðir: Þær skal brenna, eða láta í kresólvatn (19. gr. c), eða sjóða (15. gr.).

21. gr.

Sóttmengað þvottaskólp: Það er ódýrast að sóttþreinsa með kalkblöndu (11. gr.); skal láta um það bil $\frac{1}{2}$ mæli af henni í 10 mæla skólps, en ávalt svo mikið, að samblandið liti rauðan lakmuspappír vel bláan. Klórblöndu (12. gr.)

129 má líka nota og þá svo mikið, að megn klórlykt finnist af samblandinu. Ekki
12. okt. skal hella samblandinu út fyrir en að 2 stundum liðnum, í skemsta lagi.

Það er og örugg sótthreinsun að sjóða skólpið (15. gr.).

22. gr.

Sóttmengaðar þvottaskálar, hrákakrúkkur, næturgögn, laugarker og því um líkt: Að lokinni sótthreinsun á innihaldi þessara íláta (19. gr. og 21. gr.) skal þvo þau vandlega úr kresólvatni (karbólvatni, súblímatvatni) og því næst skola af þeim. Á ógleruð málmilát skal ekki hafa súblímatvatn.

Nú eru ekki til sótthreinsunarlyf, og skal þá þvo úr heitu grænsápuvatni (2^o/_o).

Rjett er að sjóða hrákakrúkkur (15. gr.).

23. gr.

Sóttmengið matarílát og drykkjar, skeiðar, mathnífar og gaflar: Þetta alt skal sjóða, helst í sódablöndu (15. gr.). Hnifa og gafla, sem þola ekki suðu (sköftin), má leggja í formalín-vatn (13. gr.) og láta liggja eina stund og þerra síðan.

24. gr.

Sóttmengaðar rekkjuvoðir og ver, nærföt, klútar, þurkur: Þetta alt skal láta í bala eða fötu og hella á veiku kresólvatni (karbólvatni, formalín-vatni), svo að yfir fljóti, og láta liggja 2 stundir í skemsta lagi, vinda síðan úr því og geyma í vatni þar til þvegið er.

Rjett er og að safna linklæðum í pott og hella á sódablöndu eða grænsápuvatni og sjóða áður þvegið er (15. gr.).

25. gr.

Slettur af hrákum eða annari útferð á rúmi sjúklings, eða kringum það, á borði, gólfi, vegg o. s. frv.: Þess ber vandlega að gæta að þvo af allar þesskonar slettur, sem allra fyrst, með kresólvatni (karbólvatni, súblímatvatni) eða heitu grænsápuvatni, ef ekki er á öðru vól.

Gólf í sjúkrastofu skal aldrei sópa þurt, en ávalt þvo, einu sinni á dag eða oftar, helst úr heitu grænsápuvatni eða kresólvatni, ef til er.

26. gr.

Sóttmengið sorp, hey og hálmur (úr rúmum) og annað rusl: Þetta alt skal brenna; þá sjaldan að þess er ekki kostur, má hella á það kresólvatni (karbólvatni, súblímatvatni) og láta standa 2 stundir í skemsta lagi áður út er fleygt.

27. gr.

Vinnubrögð þeirra, er hjúkera sóttveikum mönnum: Sjúkling með næman sjúkdóm á að hafa einan í herbergi, ef kostur er (6. gr.). Það er mjög mikilsvert, að sjúkrastofa sje rúmgóð og björt (7. gr.) og gluggi á hjörum og hann lengst af

opinn, meira eða minna, eftir veðri. Best er að hafa rúm sjúklingsins svo, að **129** ganga megi að því á báða vegu. Ef sá er hjúkrar, verður að sofa þar inni, skal **12. okt.** hafa sem lengst bilið milli rúmana. Ábreiður má ekki hafa á gólfi. Enga hluti skal flytja út úr stofunni, nema þeir sju sóttthreinsaðir. Enga hluti skal flytja inn til sjúklingsins, sem erfitt er að sóttthreinsa (t. d. bækur), nema nauðsyn beri til. Varast skal allan ónauðsynlegan umgang. Ef sjúklingur verður að liggja innan um heilbriggt fólk (í baðstofu), er rjett að tjalda kringum rúm hans, en gæta þess, að haga svo til, að ekki skorti birtu eða loft; þarf tjaldið ekki að ná nema mannhæð upp frá gólfi og skal vera gangbil milli þess og rúmsins.

Sá, er hjúkrar, skal ganga að því verki með uppbrettar ermar, og hafa ermaforklæði eða aðra auðhreinsaða flik yst klæða, helst tvær, til skifta, svo að sóttthreinsa megi og þvo á víxl. Þegar hann fer út frá sjúklingnum skilur hann þessa flik eftir; hann skal þvo sjer vandlega um hendurnar, upp á handleggi, í hvert sinn er hann hefir snert á einhverju sóttmengudu; skal hann þvo sjer úr veiku kresólvatni (karbólvatni, súblímatvatni), helst með handbursta, og því næst úr sápuvatni og hreinsa vel neglur sínar; er best að hafa kresólvatn standandi í skál til þessara afnota og skifta um daglega eða oftár; vanti sóttthreinsunarlyf, skal þvo sjer þeim mun vandlegar úr sápuvatni, tvisvar sinnum, og skifta um vatn.

Hann skal haga starfi sínu eftir því, hver sóttin er (18. gr.), og sótt-hreinsa það, sem þarf, á þann hátt, sem segir í 19.—26. gr., en þar má sjá að unt er að gæta allrar nauðsynlegrar varúðar þó að engin sóttthreinsunarlyf sju á takteinum.

Hann skal gæta þess, að þvo eða lauga sjúklinginn svo oft, að hann sje ávalt hreinn um allan líkamann; skal hann skifta um nærföt og rekkjuvoðir sjúklingsins, jafnskjótt sem óhreint verður.

Rjett er að hafa skólpfötu inni og láta í hana alt það, sem sóttthreinsað hefir verið og út á að fleygja (19. og 20. gr.); skal þá hella út úr fötunni einu sinni á dag eða oftár; í kaupstöðum verður að hella öllum þessum sóttthreinsuðu óhreinindum í salerni, eða for, eða holræsi, eða sjóinn (um fjöru); í sveitum má grafa litla gröf, stikudjúpa, og hafa hlemm yfir, og hella í hana, en fylla upp þegar sóttin er afstaðin; skólpgröf verður að vera langt frá vatnsbóli (20 stikur í minsta lagi) og góðan spöl frá húsum (10 stikur eða meira).

Rjett er að hafa inni bala eða fötu til að sóttthreinsa í fatnað (24. gr.) áður farið er með í þvott.

Enginn skal matast inni hjá sjúklingnum, ef annars er kostur.

28. gr.

Lík: Lík manns, sem látist hefir af næmum sjúkdómi, skal ekki fletta klæðum og ekki þvo, en vefja líkblæjum og væta þær í kresólvatni (karbólvatni, súblímatvatni), ef kostur er; skal kistuleggja líkið svo fljótt, sem föng leyfa, og loka kistunni strax og láta standa sem skemst uppi. Kistan á að vera vel þjett og er rjett að bika hana innan, ef um hættulega sótt er að ræða; hafa skal hefilsþæni í henni á botni, eða öllu heldur sag, eða þura mómylsnu.

129 IV. *Um þær sóttþreinsanir, sem venjulega koma ekki til greina fyrir en sjúklingi er batnað, eða hann dáinn, eða fluttur út af heimilinu, (lokasóttþreinsun).*

Leiðbeining fyrir sóttþreinsunarmenn.

29. gr.

Sóttmengaðar sængur, dýnur og treflar: Þetta er best að sóttþreinsa í sóttþreinsunarofni (16. gr.); verður þá að vefja það í dúk, sem vættur er í kresólvatni (karbólvatni, súblímatvatni), og láta í þjettan strigapoka, en eigi að senda langa leið (t. d. á skipum), verður að hafa þjettan kassa utan um pokann.

Þegar ekki er á þessu vól, skal fara að sem hjer segir:

Fíðurföt má láta í stóran pott, hella vatni yfir, opna verin niðri í vatninu og sjóða síðan hálfra stund. Suðan skemmir ekki fíðrið, sje það rjett þurkað á eftir. Fíðurföt má einnig láta í stóran stamp og hella yfir veiku kresólvatni (karbólvatni, formalívatni), opna verin svo að fíðrið gegnblotni sem fljótast, og láta standa til næsta dags; þá má taka verin og þvo, en skola fíðrið og þurka síðan, sem gerist um fíður, og er það þá jafngott og áður.

Ef það er talið víst, að sængur og dýnur sjeu ekki sóttmengaðar, nema að utan, þá má oftast nægja að rennvæta þessa hluti að utan (fíðursængur, stangdýnur, fjaðradýnur), bursta meðan vott er og víðra síðan úti eða í hjalli, í sólskini ef kostur er, marga daga í röð, helst 2—3 vikur. Þá getur líka komið til greina að sóttþreinsa í formalíngufu (14. gr.).

Ef hey er í dýnum eða hálmur, skal taka það og brenna, en sóttþreinsa verin á venjulegan hátt.

Nú eru sængurföt sóttmengað að mun og svo ljeleg, að verðmæti þeirra nemur ekki meiru, en svarar sóttþreinsunarkostnaði, og má þá meta þau til skaðabóta og brenna síðan.

30. gr.

Íveruföt (utanyfirföt), ábreiður, borðdúkar, gluggatjöld og aðrir ofnir hlutir, sem skemmast mundu, ef sodnir væru, eða lagðir í bleyti: Þetta alt er best að senda í sóttþreinsunarofn (16. gr.). Nú er það ekki hægt, og skal þá væta þessa hluti í kresólvatni (karbólvatni, formalívatni, súblímatvatni), bursta þá meðan votir eru og víðra síðan (29. gr.).

Ef litil brögð eru að sóttmenguninni, má sóttþreinsa þessa hluti í formalíngufu (14. gr.).

31. gr.

Leður, skinn, loðskinn, gúmmi (t. d. skóhlífar): Hlutir úr þessum efnum þola ekki suðuhita, hvorki í vatni eða vatnsgufu, og má því ekki senda þá í sóttþreinsunarofn.

Þá hluti, sem gerðir eru úr leðri, skinni eða gúmmi, skal nú vandlega, aftur og aftur, með rijum, sem vættar eru í kresólvatni (karbólvatni, súblímatvatni).

Loðskinn skal taka og rennvæta loðnuna í kresólvatni (karbólvatni, formalínvatni, súblímatvatni), bursta meðan vott er og viðra mjög vandlega (29. gr.). 12. okt. **129**

32. gr.

Bækur, skjöl, myndablöð og þesskonar: Það, sem ekki má brenna, verður að sótthreinsa í formalínufu (14. gr.), eða sótthreinsunarofni, (16. gr.). Sjeu bækur mjög sóttmengaðar, verður að sótthreinsa þær í sótthreinsunarofni, ef eigandi leyfir ekki að þær sjeu brendar endurgjaldslaut, eða gegn litlu endurgjaldi.

33. gr.

Sóttmengaðar stofur og stofugögn: Fyrst skal færa húsgögn frá veggjum fram á gólf; skal þvo þau öll vandlega með dulum, sem vættar eru í kresólvatni, (karbólvatni, súblímatvatni); ef lokaðar hirslur eru í stofunni og vel þjettar og hafa ekki verið opnaðar meðan sóttin stóð yfir, þá nægir alloftast að sótthreinsa þær að utan, en ekki að innan og ekki það, sem í þeim er. Þá skal þvo veggir á sama hátt, að minsta kosti 2 stikur upp eftir þeim, einnig glugga, hurðir og gólf; skal gæta þess, að kresólvatnið komist inn í allar rifur, horn og smugur. Einkanlega verður að vanda þvott á rúmstæði sjúklingsins og öllu, sem verið hefir í nánd við það, gæta að slettum og þvo þær af mjög vandlega, ef nokkrar eru (25. gr.). Þegar þessu er lokið skal þvo alt aftur úr heitu sápuvatni, en láta þó líða 2 stundir í milli ef kostur er, en ekki yfir sólarhring; síðan skal viðra stofuna (hafa alla glugga opna), svo lengi sem ástæður leyfa, en að minsta kosti þangað til hún er orðin þur.

Fóður á bekkjum og stólum skal rennvæta í formalínvatni (karbólvatni, kresólvatni, súblímatvatni) bursta meðan vott er og viðra þessi húsgögn vandlega (29. gr.).

Gljáfægða hluti úr trje eða málmni skal núa með rijum vættum í veiku kresólvatni (formalínvatni, karbólvatni) og síðan skola af þeim með hreinu vatni og þerra þá.

Pappírsvaggi, sem ekki þola þvott (eru ómálaðir), skal væta í formalínvatni (karbólvatni, súblímatvatni, veiku kresólvatni); ef slettur eru á pappírslímdum vegg (ómáluðum) af sóttmengudum óhreinindum (t. d. hjá rúmi sjúklingsins), skal væta þær í kresólvatni, rífa pappírinn þar af vegnum og brenna.

Það er sótthreinsun á kölkudum veggjum, ef þeir eru kalkaðir á ný, eða klórblöndu roðið á þá. Alla olíumálaða múrveggi má þvo (sjá 1. málsgrein þessarar greinar).

Torfveggi og moldargólf skal rennvæta í kalkblöndu eða klórblöndu, tvívegis eða þrívégis ef þurfa þykir.

34. gr.

Sóttmengud salerni: Hurð (hölduna fyrst og fremst), vaggi og setu skal sótthreinsa eins og segir í 33. gr. Það, sem er í kirnunni, skal blanda jafnmiklu af kalkblöndu (klórblöndu, kresólvatni) og láta standa sólarhring áður fleygt er. Kirnuna skal þvo úr kresólvatni (heitu).

129
12. okt.

35. gr.

Sóttmengaðar safngryffjur (forir): Ef sóttmenguum saurindum hefir verið kastað í for (ósóttthreinsuum), þá skal hella kalkblöndu (klórblöndu) í forina, svo að vel þeki yfir og ekki bera úr henni fyrir en að nokkrum vikum liðnum.

36. gr.

Sóttmenguum haugstæði og skólpræsi: Þar skal hella í kalkblöndu eða klórblöndu, meira eða minna, eftir ástæðum.

37. gr.

Sóttmengaðar manneskjur: Hjer er að ræða um þá, sem hafa fengið bata á næmum sjúkdómi, og aðra sem hafa haft náin og ógætileg mök við sjúklingana, eða sóttmengað sig á annan hátt; lauga skal allan líkamann eða þvo mjög vandlega úr heitu vatni og sápu og síðan fara í hrein (ósóttmenguum) föt.

38. gr.

Hjeraðslæknar mega segja fyrir um aðrar sóttthreinsunaraðferðir, en hjer hafa verið taldar, ef þeim þykir svo við horfa, enda sjeu þær jafn tryggilegar.

39. gr.

Vinnubrögð sóttthreinsunarmanns: Hann skal hafa auðhreinsaðar flíkur yst fata, er hann vinnur að sóttthreinsun; er hentugast að eiga brækur, stakk og húfu (með skygni framan og aftan) úr þjettu ljerefti, eða voðfeldum striga; skal hann fara í þessi föt áður en hann gengur inn til verka.

Hann skal nú fyrst og fremst grenslast eftir því, hverjir hafi verið sjúkir; hann skal spyrja hvernig farið hafi verið með sóttmengaða útferð hvers sjúklings, hvað gert hafi verið af íverufötum hans, sængurfötum og rekkjuvoðum, matarilátum, hrákakrukku og öðru því, sem hann hefir notað meðan hann var veikur; hann skal spyrja í hvaða herbergi sjúklingur hefir legið og hvar í rúmi, og fá að vita, hvort nokkuð hafi verið flutt út úr því herbergi; skal hann yfirleitt reyna að fá sem ljósasta vitneskju um það, hvað sóttmengað muni vera. Alt skal sóttthreinsa, sem sóttmengað verður að telja, en einkanlega og vandlegast alt það, sem ætla má að beinlínis hafi atast af sóttmengaðri útferð úr líkama sjúklingsins (sbr. 18. gr.).

Þegar þessi vitneskja er fengin, skal sóttthreinsunarmaður safna að sjer öllu því, sem hann þarf á að halda; hann heimtar nóg af heitu vatni og grænsápu og pott á hlóðir til að sjóða í ýmsa sóttmengaða hluti; tekur hann nú upp sóttthreinsunarefni sín og blandar sóttthreinsunarlyf eftir þörfum, biður um hreinar tuskur til að þvo með og sköft til að binda þær á, ef vill (til að þvo gólf og vegg). Alloftast má komast af með kresólsápuög og súblimat, en kalk verður þó að hafa eða klórkalk, ef forir hafa sóttmengast (taugaveiki).

Að því búnu tekur hann til að sóttþreinsa og gengur á röðina, sem hjer **129**
segir: **12. okt.**

- a) Sá er sóttþreinsaður, sem veikir var, og einnig sá, sem hjúkraði honum og aðrir, sem áttu mök við sjúklinginn, ef þurfa þykir (37. gr.).
 - b) Sóttmenguð útferð sjúklingsins (19. gr.).
 - c) Sóttmengaðar umbúðir (20. gr.).
 - d) Sóttmenguð hrákailát o. s. frv. (22. gr.).
 - e) Sóttmenguð matarilát og borðbúnaður (23. gr.).
 - f) Linklæði sjúklings, og þess, sem hjúkraði honum, ef þörf gerist (24. gr.).
 - g) Sorp og allskonar rusl, sem grunsamt er (26. gr.).
 - h) Sængurföt úr rúmi sjúklingsins og ef til vill úr öðrum rúmum í sömu stofu (29. gr.).
 - i) Sóttmenguð utanyfirföt sjúklingsins, og einnig þess, sem hjúkraði honum, ef ástæða er til, ábreiður o. fl. (30. og 31. gr.).
 - j) Sóttmengaðar bækur og þess konar (32. gr.).
 - k) Fóðraðir bekkir og stólar í stofu sjúklingsins (33. gr.).
 - l) Stofa sjúklingsins og alt, sem eftir er óhreinsað í henni (33. gr.).
- Því næst aðrar stofur, ef sjúklingurinn hefir verið í þeim og ástæða er til að ætla að þær hafi sóttmengast.
- m) Salerni, for, haugstæði, ræsi, ef sóttmengast hefir (34., 35. og 36. gr.).
 - n) Að loknu verki skal hann sóttþreinsa utanyfirföt sín og þess eða þeirra, sem hafa unnið með honum; skulu þeir síðan lauga andlit, hendur og handleggji úr veiku kresólvatni (súblimatvatni, karbólvatni) og þvo sjer á eftir úr heitu vatni og sápu.

40. gr.

Ef sjúklingur hefir dáíð úr næmum sjúkdómi, skal lokasóttþreinsun ekki fara fram fyr en líkið hefir verið kistulagt; skal haga svo til, ef unt er, að sóttþreinsunarmaður komi þegar kistan er tilbúin og hjálpi til að kistuleggja líkið (28. gr.) áður en hann tekur til sóttþreinsunarstarfa. Húskveðjur ætti ekki að halda á heimilum, þar sem maður hefir dáíð úr næmum sjúkdómi, nema hjeraðslæknir telji það með öllu hættulaust.

Landlæknirinn.

Reykjavík, 12. okt. 1912.

G. Björnsson.